

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka Kalka, Berghólabraut, Helguvík



Dags eftirlits	22.4.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpeyð.st Suðurnesja, Kalka	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis		ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Alls voru gerðar 4 athugasemdir og 7 frávik staðfest. Athugasemdirnar varða rétta meðhöndlun ljósabúnaðar, skráningu flugösku, árleg skil upplýsinga og fráveitumál rekstraraðila. Frávikin voru 1 Meðhöndlun flugösku er óviðunandi, 2. Meðhöndlun spilliefna á suðurplani stöðvarinnar er óviðunandi 3 Meðhöndlun botnösku hefur verið breytt án samráðs og fullnægjandi mengunarvarna 4 Ráðstöfun botnösku á árunum 2010 - 2012 hefur ekki verið skýrð til hlýtar 5 Móttaka á ljósabúnaði er óviðunandi 6 Losunarmörk í útblæstri voru ekki virt árið 2012 en farið var miklu mun sjaldnar yfir losunarmörk seinni hluta 2012 en fyrri hluta ársins og árið 2011 og að síðustu 7 hraði útblásturlofts úr reyk háf er of lágur. Sjónarmið og gögn rekstraraðila vegna frávíka bárust 24.5, 29.5. og 7.6. 2013 og er tekið tillit til þeirra við lýsingar á frávikum.

Eftirlitsmælingar á útblásturmælingum voru tvær og í lagi, nema ein COMæling var yfir losunarmörkum en innan vikmarka,

Losunarmörk voru virt hvað snertir díoxín/fúrön og þungmálma (2 mælingar)

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsskoðun hjá rekstraraðila fór fram þann 22.4. Enginn eftirlitsfundur var haldinn eins og venja er og því ekki farið yfir þætti er varða olúskilju og hver staða fráveitumála væri á svæðinu. Í eftirlitsskoðun var farið yfir skráningar á vigt og samantekt úrgangsmagns. Skráningar á nokkrum úrgangsflokkum voru skoðaðar m.a. spilliefni og flug- og botnösku sem fellur til við brennslu í stöðinni. Athafnasvæði og brennslustöð var skoðuð og að síðustu var svæði gömlu sorpbrennslunnar við Hafnarveg skoðuð þar sem flugaska rekstraraðila er geymd.

Farið var yfir niðurstöður mælinga í útblæstri árið 2012 þ.e. símmælingar sem og tvær eftirlitsmælingar, auk tveggja mælinga á díoxíni/fúrönnum og HF.

Frávik frá

Ákvæði 2.24. í starfsleyfi. Samkvæmt því skalaska frá brennslunni endurnýtt, eða urðuð á stað sem til þess hefur starfsleyfi, sjá einnig gr. 24 og 25. í reglug. nr. 739/2003 og 10 gr. laga nr. 55/2003.

Lýsing á frávikum

Stór hluti þeirrar flugösku sem fallið hefur til í rekstrartíð Kólku er geymdur undir berum himni á athafnasvæði gömlu Sorpeyðingarstöðvarinnar við Hafnarveg á Suðurnesjum. Áætlað magn eru 2450 tonn. Sama frávik var staðfest í síðasta eftirliti. Úrbótaáætlun hefur borist og UST samþykkt hluta hennar og veitt frest til að skila inn frekari gögnum.

Ákvæði 2.7 í starfsleyfi. Samkvæmt því skal öll meðferð spilliefna vera innandyrá og í rými án fráveitu, þar sem þess er kostur.

Spilliefni eru geymd á syðra útisvæði, en sama frávik hefur verið staðfest undangengin ár. Mun minna var af spilliefnum á svæðinu nú og spilliefnakör voru merkt. Áform rekstraraðila um að reisa spilliefnaskýli árið 2012 hafa ekki gengið eftir. Rekstraraðili hefur sótt um undanþágu frá ákv. 2.7 til ráðun. en UST fer fram á úrbætur svo komið verði í veg fyrir mengun.

Í starfsemislýsingu (ákv.1.2 í starfsl.) er meðferð botnösku ekki tilgreind og skv.

Umráðasvæði Kólku hefur verið stækkað til suðvesturs og eru þar haugar með botnösku undir berum himni á malarlögðu undirlagi. Þessi

Ákv. starfsl. nr.1.6 skulu breytingar á rekstri tilkynntar UST áður en ráðist er í þær. Um geymslu ösku ofl. úrg.teg. gildir gr. 24. í reglug. nr. 739/2003

breyting á rekstri var ekki tilkynnt til UST. Sama frávik var staðfest í síðasta eftirliti. Rekst.aðili hefur tilkynnt um stækkun lóðar og fengið frest til að skila inn uppl. um meðh. botnösku og viðeigandi mengunarvarnir f. 15.8.nk.

3. mgr. 47. gr. laga nr 55/2003, en þar segir: "Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til eftirlits með framkvæmd laganna...

Í síðasta eftirliti í nóv. sl., var farið fram á staðfestingar varðandi ráðstöfun botnösku á árunum 2010-2012. Rekstraraðili hefur nú sent UST nægjanlegar upplýsingar

Frávik frá lögum nr. 55/2003, gr. 30 er kveður á um skyldu rekstraraðila söfnunarstöðva að safna raf- og rafeindatækjum. Nánar er kveðið á um þetta í reglugerð 1104/2008 um raf- og rafeindat.úrg.

Móttaka rekstraraðila á ljósabúnaði (flúrperur o.þ.h) var óviðunandi við skoðun. Í athugasemdum eftirlitsaðila frá 7.6.13. kemur fram að ráðstafanir hafi verið gerðar til úrbóta.

Ákv. 2.21 og 3.1 í starfsleyfi og gr. 30 í reglug. nr. 739/2003 um brennslu úrgangs. Kveðið er á um samfelldar mælingar á ákv. mengunarþáttum,og losunarmörk þeirra.

Mun sjaldnar var farið yfir losunarmörk í útblæstri árið 2012 en árið 2011, enda farið í aðgerðir vegna þessa um mitt síðasta ár. Síðasta ársfjórðung 2012 fór styrkur SO₂ 4 daga og HCl 3 daga yfir losunarmörk árið. Þá vantaði samantekt á 30 mín. meðaltölum f. árið 2012. Hún barst 10.6.sl. og var farið yfir losunarmörk: HCl:13,SO₂:54, CO:17, NO_x 5, TOC 1 sinnum 1.10-31.12.12.

Ákv. 2.20 í starfsleyfi, en hraði úr reykhnálf skal vera meiri en 20m/s.

Hraði útblásturslofts úr reykhnálf er of lágur sbr. tvær mælingar frá árinu 2012, annars vegar reyndist hraði útblásturslofts vera 11,4 m/s og hins vegar 9,1m/s. Rekstraraðili taldi að um rekstrartruflun væri að ræða sem hefði verið lagfærð en nýjar mælingar frá maí sl. staðfesta það ekki.

ATHUGASEMDIR

Kvörtun barst eftirlitsaðila um að flúorperum væri hent í gám fyrir óvirkan úrgang. Flúorperur innihalda kvikasilfur og mikilvægt er að þær séu ekki brotnar við móttöku og síðan komið í viðeigandi meðhöndlun (kvikasilfur fangað svo það berist ekki út í umhverfið). Fram kom við eftirlitið að perur sem bærust í miklu magni færu í rétta meðhöndlun. Skv. reglugerð 1104/2008 um raf- og rafeindaúrg., 6. gr. skulu sveitarfélög sjá fyrir aðstöðu fyrir þennan úrgang á söfnunarstöðvum og skulu upplýsingar um rétta meðhöndlun þessara úrgangsflokka vera aðgengilegar fyrir almenning. Framleiðendur og innflytjendur/skilakerfi þeirra bera síðan ábyrgð á flutningi frá söfnunarstöðvum og fullnægjandi ráðstöfun úrgangsins. Skv. fréttabréfi RR skila frá okt. 2009 var skilakerfisilátum komið upp hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Því miður eru þau ekki fyrir hendi nú. Þar sem rekstraraðili hefur með höndum söfnun (gámasvæði) raf- og rafeindatækjaúrgangs ber honum að sjá til þess að almenningur geti skilað raftækjum o.sfrv. með viðunandi hætti. Í ábyrgð framleiðanda og innflytjanda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun raf- og rafeinda-tækjaúrgangs að frátalinni söfnun til söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Skulu framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með rekstri eigin skilakerfis eða með aðild að sameiginlegu skilakerfi fleiri framleiðenda og innflytjenda. Ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á geymslu og söfnun frá söfnunarstöð sveitarfélaga nær til landsins alls án tillits til hvar varan er seld, sjá nánar ofanefnda reglug. nr. 1104/2008.

Skoðaðar skráningar reyndust í lagi. Hins vegar eru gögn um flugösku/skráning ekki fullnægjandi. Fram kom við eftirlitið að flugaska sem flutt er úr stöðinni er ekki vigtuð. Rétt tilhögun er að allur úrgangur, hvort sem er móttækinn eða fluttur úr stöðinni til ráðstöfunar annars staðar skal veginn, færður til bókar og samantekinn (árlegt magn) í lok hvers árs. Rekstraraðili mun framvegis vigta flugösku.

Ársskýrsla rekstraraðila árið 2012 hefur ekki borist Umhverfisstofnun. Þó hafa hlutar hennar borist, skýrsla um samfelldar mælingar/útblástur og tvær mælingar á díoxínium/fúrönum, þungmálmum ofl. árið 2012. Yfirleitt er þess krafist í starfsleyfi að ársskýrsla berist 1. mars eða 1 maí fyrir gögn undangengins árs. Skýrslan hefur nú borist.

Eins og undangengin ár er gerð athugasemd þar sem fráveitu frá rekstraraðila vantar. Ekki er með óyggjandi hætti

hægt að skera úr um ábyrgð rekstraraðila hvað hana snertir á grundvelli starfsleyfis en óásættanlegt er að fullnægjandi fráveita sé ekki fyrir hendi á svæðinu.

ANNAÐ

Reykjavík, 16.07.2013



Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.